



Dygðir, siðferði og siðferðisþroski: Að nota Íslendingasögur til mannkostamenntunar

Róbert Jack

► Abstract ► Um höfundinn ► About the author ► Heimildir

Ein leið til að sinna mannkostamenntun er að lesa bókmenntir og greina og ræða mannkosti í þeim með nemendum. Í þessari grein er fjallað um forsendur þess að nota Íslendingasögur til mannkostamenntunar með nemendum á unglingsaldri. Rætt er um mikilvægi dygða fyrir mannkostamenntun, áherslu hennar á siðferðilegar dygðir og almenn tengsl dygða og siðferðis. Þá er fjallað um þær aðstæður í bókmenntum þar sem dygðir (eða lestir) birtast en þær eru hér kallaðar dygðaaðstæður. Rökstutt er að ekki sé erfitt að finna slíkar aðstæður í Íslendingasögum. Í ljósi tengslanna á milli dygða og siðferðis er jafnframt fjallað um siðferði Íslendingasagna og hvernig fræðileg umræða um það efni getur haft áhrif á mannkostamenntun. Auk þess er velt upp þeirri spurningu hvort það siðferði sem viðgekkst á tímum Íslendingasagnanna sé sama siðferðið og er viðtekið nú til dags. Stigskipt þroskalíkan Gilligan er notað til að staðsetja siðferðilegan veruleika Íslendingasagna gagnvart nútímasiðferði. Með hjálp þroskalíkansins má einnig bregðast betur við þeirri spurningu hvort hægt sé að nota sögu þar sem siðferði persóna er ef til vill ekki til fyrirmyndar til að efla siðferði nemenda. Með því að nota þroskalíkanið er samtímis hægt að skoða einkenni þeirrar siðferðilegu hugsunar sem stefna má að í mannkostamenntun með unglingum.

Efnisorð: mannkostamenntun, bókmenntakennsla, Íslendingasögur, dygðir, siðferðisþroski, siðferði.

Eins og rakið er í grein Atla Harðarsonar, Ólafs Páls Jónssonar, Róberts Jack, Þóru Bjargar Sigurðardóttur og Sigrúnar Sifjar Jóelsdóttur (2018) í þessu sérhefti *Netlu* hefur verið nokkur áhersla á að styrkja siðferðilega menntun í skólum á síðari árum og er mannkostamenntun liður í því. Markmið greinarinnar er að gera grein fyrir helstu forsendum mannkostamenntunar, að minnsta kosti eins og hún birtist í bókmenntakennslu, og skýra hvernig beita má þeirri nálgun á Íslendingasögur sérstaklega. Í því sambandi er fjallað um áherslu mannkostamenntunar á dygðir, tengsl dygða og siðferðis, dygðaaðstæður í bókmenntum, siðferði Íslendingasagna og hvernig það er frábrugðið siðferði okkar í dag og loks eru nokkur orð sögð um þá siðferðilegu hugsun sem getur verið markmið mannkostamenntunar með unglingum.

Tilurð þessarar greinar tengist rannsókn á bókmenntakennslu með áherslu á siðferðilegar dygðir sem fram fór við þrjá grunnskóla haustið 2017. Rannsóknin byggðist á hugmyndum mannkostamenntunar og fólst í að lesa bókmenntir í móðurmálskennslu með sérstakri áherslu á dygðir. Sambærileg rannsókn hafði áður verið gerð við Jubilee-miðstöðina við Háskólann í Birmingham og var tekið mið af reynslunni þaðan við framkvæmd rannsóknarinnar (sbr. The Jubilee Centre for Character & Virtues, 2014). Grunnþættir íslensku rannsóknarinnar eru raktir í

grein Atla Harðarsonar o.fl. (2018) í þessu sérhefti *Netlu*. Fjallað er um aðra anga rannsóknarinnar í greinum Atla Harðarsonar (2018), Ólafs Páls Jónsson (2018) og Þóru Bjargar Sigurðardóttur (2018), en hér verður einungis fjallað um þau atriði rannsóknarinnar sem þykja skipta máli fyrir umræðuna í þessari grein.

Þó að íslensku rannsókninni hafi mjög svipað til þeirrar ensku er rétt að nefna hér tvennt sem var með öðru sniði en það tengist aldri nemenda og notkun lesefnis. Í rannsókn Jubilee-miðstöðvarinnar voru nemendur 9 til 11 ára en í þeirri íslensku voru þeir 14 og 15 ára. Því er gert ráð fyrir að það sem hér er sagt henti einkum fyrir þann aldurshóp og jafnvel yngstu bekkir framhaldsskóla. Lesefnið sem notað var í ensku rannsókninni var mikið styttað endursagnir á klassískum ritum. Þessar endursagnir miðuðu fyrst og fremst að því að draga fram dygðirnar í sögunum. Hér á landi var ákveðið að lesa *Laxdælu* sögu með nemendum og skoða þær dygðir sem þar er að finna. Þó að notuð hafi verið endursögn á sögunni (*Laxdælu* saga, 2017) er sú endursögn bæði lengri en ensku endursagnirnar og ekki sérstaklega miðuð að því að þar komi fram þær dygðir sem finna má í sögunni óstyttri.

Fyrir kennsluna var einnig útbúið námsefni og kennsluleiðbeiningar með *Laxdælu* sem nú má nálgast á vef Menntamálastofnunar (Róbert Jack, 2018b). Af þeirri ástæðu að *Laxdælu* var notuð í verkefninu eru dæmin sem hér eru nefnd í Íslendingasögum úr *Laxdælu* þó að gert sé ráð fyrir að rökræðan eigi almennt við um Íslendingasögur. Þrátt fyrir að endursögn á *Laxdælu* hafi verið notuð í rannsóknarverkefninu er í þessari grein gengið út frá sögunni óstyttri.

Greinin skiptist í þrjú kafla. Í þeim fyrsta er fjallað um áherslu mannkostamenntunar á dygðir og tengsl dygða og siðferðis. Í öðrum kaflanum er rætt um dygðaaðstæður og helstu einkenni þess siðferðilega veruleika sem finna má í Íslendingasögum. Í þriðja kaflanum er stigskipt þroskalíkan Gilligan notað til að gera betri grein fyrir því hvernig siðferði Íslendingasagna er frábrugðið siðferði okkar í dag og jafnframt til að varpa ljósi á þá siðferðilegu hugsun sem hafa má sem markmið fyrir mannkostamenntunina.

Dygðir í mannkostamenntun

Sú tegund mannkostamenntunar (e. character education) sem hér er gengið út frá sækir grunnhugmyndir sínar til umfjöllunar Aristótelesar um farsældina (*Laxdælu*) eins og hún er túlkuð af Jubilee-mönnum,¹ ekki síst Kristjáni Kristjánssyni (2015). Til að einfalda orðræðuna aðeins má segja að þeir mannkostir sem hér um ræðir séu dygðir (Kristján Kristjánsson, 2002, bls. 10; sbr. Vilhjálm Árnason, 1985, bls. 33). Með öðrum orðum er mannkostamenntun því fyrst og fremst dygðamenntun sem felst í því að efla dygðir nemenda frekar en lesti, sem er hið gagnstæða, en dygðir eru einmitt grundvallaratriði í farsældarkenningu Aristótelesar.

Aristóteles leit svo á að farsæld (*Laxdælu*) væri markmið mannlífsins og að dygðir væru nauðsynleg skilyrði farsældar og það sem meira er þá fælist beinlínis farsæld í því að vera dygðugur. Með öðrum orðum leiða dygðir ekki einungis til farsældar heldur eru þær það sem ásamt fleiru skapar farsældina. Aristóteles leit að vísu ekki svo á að nægilegt væri að hafa til að bera dygðir til að vera fyllilega farsæll heldur skipti þar einnig máli góð heilsa, samfélagið sem maður býr í og ýmsar efnislegar forsendur (sbr. Kristján Kristjánsson, 2015, bls. 25). Án dygða verður samt enginn farsæll og því er nauðsynlegt að þroska þær.

Önnur og óneitanlega nákvæmari þýðing á enska heitinu *character education* er skapgerðarmenntun. Skapgerðin skiptir máli fyrir dygðamenntun því að litið er svo á að hún sé sá hluti persónuleikans þar sem dygðirnar búi (Kristján Kristjánsson, 2010, bls. 27). Ekki er hér ástæða til að gera fyllilega grein fyrir skapgerðinni og stöðu hennar innan sálarlífsins. Samt er rétt að nefna það einkenni skapgerðarinnar að geta brugðist við rökum og áeggjan og tekið þannig framförum. Með þessu móti getur kennsla þroskað skapgerðina og hjálpað einstaklingum þannig að taka framförum í dygd en það hlýtur að skipta höfuðmáli fyrir mannkostamenntun að það sé mögulegt.

¹ Í greininni eru þeir kallaðir „Jubilee-menn“ sem starfað hafa hjá Jubilee-miðstöðinni við Háskólann í Birmingham og hafa haldið fram mjög áþekkt hugmynd um mannkostamenntun. Aðgengilega samantekt á hugmyndum þeirra er til að mynda að finna í bókinni *Teaching character and virtue in schools* (Arthur, Kristjánsson, Harrison, Sanderson, Wright, 2017). Það vill svo til að þetta eru allt karlmenn.

Hvað má þá segja að einkenni sérstaklega þá tegund mannkostamenntunar sem hér er stuðst við? Til að svara því að einhverju leyti má nefna helstu gagnrýni hennar á sumar aðrar nálganir á mannkostamenntun sem reyndar felur í sér vissa gagnrýni á skólakerfið. Inntak gagnrýnnar snýst um að vestræn skólakerfi hafi víða þróast óeðlilega mikið í átt til þess sem má kenna við tæknihyggju eða verkhyggju (e. instrumentalism) (sbr. Morris, 2015). Þar er áherslan fyrst og fremst á mælanleg ytri markmið. Þetta leiði til ofuráherslu á stöðluð próf og nákvæm hæfniviðmið en vanrækslu á heildrænum þroska manneskjunnar sem veru sem leita þarf að merkingu í lífi sínu og skilja sinn félagslega og efnislega veruleika. Þessi verklega nálgun hefur einnig alið af sér verklega nálgun í mannkostamenntun sem leggur fyrst og fremst áherslu á þröngan hóp dygða sem kallaðar hafa verið framkvæmdadygðir og snúast ekki síst um að ná sem bestum árangri í námi og á vinnumarkaði (sbr. Kristján Kristjánsson, 2015). Í því sambandi má nefna dygðir eins og þrautseigju og sjálfstraust.

Í sjálfu sér er ekki ástæða til að gera athugasemd við það að þessar dygðir séu kenndar en gagnrýnin beinist fyrst og fremst að tvennu varðandi þessa verklegu nálgun. Annars vegar sé hún of þröng, þ.e. að of fáar dygðir séu teknar með, og siðferðilegar dygðir séu sérstaklega vanræktar. Hins vegar sé fyrst og fremst lögð áhersla á dygðir sem tæki til að ná árangri frekar en að þær séu sjálfar hlut af almennri farsæld. Eins og áður segir lítur Aristóteles svo á að dygðirnar séu ekki einungis tæki til að ná öðrum markmiðum heldur hluti af farsældinni sjálfri og hann talar einnig um mikilvægi siðferðilegra dygða. Í þessari grein er tekið undir með Jubilee-mönnum þegar þeir segjast vilja víkka markmið menntunarinnar þannig að það nái ekki einungis til þess að ná tilteknum árangri í námi og á vinnumarkaði heldur fjalli einnig um að lifa farsælu lífi.

Varðandi innihald dygdanna sjálfra eru þær með ýmsu móti og má flokka þær á ólíka vegu (sbr. McLaughlin og Halstead, 1999, bls. 134) en Jubilee-menn hafa skipt þeim í fjóra flokka. Þeir tala um siðferðilegar dygðir, borgaralegar dygðir, framkvæmdadygðir og vitsmunalegar dygðir (The Jubilee Centre for Character & Virtues, 2017, bls. 5; Kristján Kristjánsson, 2015, bls. 17). Dæmi um siðferðilegar dygðir eru heiðarleiki, réttlæti og auðmýkt. Þjónusta og samfélagsleg vitund eru dæmi um borgaralegar dygðir. Þrautseigja, leiðtogahæfni og sjálfstraust teljast til framkvæmdadygða. Og loks eru forvitni, gagnrýnin hugsun og einbeitingarfærni dæmi um vitsmunalegar dygðir. Sá sem ætlar sér að verða fyllilega farsæll þarf þá að öðlast allar tegundir af dygðum. Að því sögðu er erfitt að hugsa sér að hægt sé að setja saman endanlegan lista af dygðum sem eigi að henta öllum. Eðlilegra er að líta þannig á að þær dygðir sem þurfi til að þroskast séu að minnsta kosti að sumu leyti háðar því félagslega og efnislega samhengi sem einstaklingurinn býr við. Þar geta til að mynda fjölskylduhagir, starfsvettvangur og búseta skipt máli. Um leið er erfitt að ímynda sér að hægt sé að vera fyllilega farsæll með því að einbeita sér alfarið að þröngum hópi dygða.

Án þess að hér verði sett fram heildstæð úttekt á þessari flokkun Jubilee-manna er ekki úr vegi að nefna skilning þeirra á siðferðilegum dygðum. Þetta er mikilvægt hér því að þeir leggja einmitt sérstaka áherslu á siðferðilegar dygðir og mikilvægi þess að vanrækja þær ekki. Almennur skilningur á hinu siðferðilega sviði virðist vera sá að það snúist umfram allt um samskipti fólks. Skilningur Jubilee-manna á siðferðilegum dygðum er hins vegar víðari. Þannig líta þeir ekki svo á að siðferði snúist eingöngu um samskipti við aðra heldur feli það einnig í sér þætti sem snúi fyrst og fremst að einstaklingnum sjálfum (Arthur, Kristjánsson, Harrison, Sanderse og Wright, 2017, bls. 60). Þannig líta þeir til dæmis svo á að hugrekki sé siðferðileg dygð þó að hún einskorðist ekki við samskipti við aðra (The Jubilee Centre for Character & Virtues, 2017, bls. 5; Sanderse, 2015, bls. 383; Arthur o.fl., 2017, bls. 60). Til að mynda er hægt að vera hugrakkur í vondu veðri án þess að það snerti sérstaklega aðra manneskju. Þessi víði skilningur Jubilee-manna á hinu siðferðilega sviði helgast af því hvernig Aristóteles skildi hugtakið (sbr. Sanderse, 2012, bls. 78–79).

Ég mun hvorki fara út í þá umræðu hér hvernig Aristóteles hugsaði nákvæmlega hið siðferðilega svið né mun ég rökstyðja þá skoðun mína að óþarfi sé að fylgja hugmynd Aristótelesar að þessu leyti nema með því að vísa í það sem þegar hefur verið sagt um almennan skilning á hinu siðferðilega sviði. Ég tel að það sé heppilegra að fylgja viðtekinni hugtakanotkun á okkar

tímum hvað þetta varðar en skilningi Aristótelesar. Eftir stendur þá það hverju þetta skipti fyrir mannkostamenntun. Jubilee-menn virðast leggja sérstaka áherslu á siðferðilegar dygðir vegna þess að þær hafi verið vanræktar í skólakerfinu. En hverju breytir þessi víði skilningur þeirra?

Hugsanlega mætti líta svo á að með þessum skilningi á siðferði vildu þeir lauma til að mynda framkvæmdadygðum inn á hið siðferðilega svið. Með því að leggja áherslu á siðferðilegar dygðir töluðu þeir því eins og áherslan væri á dygðir sem snerust um hæfileika okkar til að aðhafast á hinu siðferðilega samskiptasviði tilverunnar en í raun næðu dygðirnar sem þeir vildu þroska til fleiri sviða veruleikans.

Ef nánar er skoðað virðist þessi gagnrýni þó fyrst og fremst snúast um hugtakanotkun. Ef það er gefið að almenn farsæld krefjist þess að einstaklingar þroski með sér dygðir á sem flestum sviðum hins mannlega lífs, eins og komið hefur fram, er ekki nóg að fjalla einvörðungu um siðferðilegar dygðir, þröngt skilgreint, heldur þarf einnig að þroska aðrar dygðir, eins og framkvæmdadygðir og vitsmunalegar dygðir. Hvernig flokkunin er skiptir þá varla höfuðmáli ef menntunin er sú sama. Eftir stendur þá að mannkostamenntun Jubilee-manna leggur sérstaklega áherslu á siðferðilegar dygðir þar sem aðrar tegundir dygða fá þó að fljóta með enda byggist farsældin á dygðum sem lúta að öllum sviðum mannlífsins.

Að þessu sögðu er í þeirri umræðu sem hér fer fram meiri áhersla á siðferðilegar dygðir í samskiptaskilningnum en aðrar dygðir. Það er varla tilviljun enda má segja að orðið „dygð“ sé alla jafna skilið siðferðilegum skilningi. Í *Íslenskri orðabók* (2003, bls. 243) segir til að mynda að dygð sé „góður siðferðilegur eiginleiki“. Annað það sem hér hefur verið kallað dygð, eins og sjálfstraust og gagnrýnin hugsun, er þá gjarnan kallað hæfileiki eða færni eða einfaldlega góður eiginleiki. Þannig er ekki úr vegi að segja að sterk tengsl séu á milli dygða almennt og siðferðis. Gera má þannig ráð fyrir því að gott siðferði einkennist af góðum dygðum og jafnframt að þar sem einstaklingar séu að jafnaði þrýddir góðum dygðum sé siðferði jafnframt gott. Við kippum okkur því ekki upp við að sumar dygðir séu strangt tiltekið ekki siðferðilegar enda stefna þær einnig að því að skapa farsælt líf.

Dygðaaðstæður og siðferði í Íslendingasögum

Nú hefur verið fjallað um mikilvægi dygða fyrir mannkostamenntun og þar sem umfjöllunarefni okkar er notkun Íslendingasagna í mannkostamenntun er eðlilegt að snúa sér að stöðu dygða í þeim sögum. Þegar stórt er spurt er oft fát um svör en segja má að frekar lítið hafi verið fjallað fræðilega um dygðir sem slíkar í Íslendingasögum (sjá þó Róbert Jack, 2018a). Meiri fræðileg umræða hefur hins vegar farið fram um siðferði sagnanna almennt. Í þessum kafla mun ég gera tvennt. Fyrst skoða ég hvernig lesa má dygðir út úr Íslendingasögum en í því skyni skoða ég sérstaklega svokallaðar dygðaaðstæður þar sem dæmi verða tekin úr *Laxdælu sögu*. Þá verður gripið niður í hina fræðilegu umræðu um siðferði í Íslendingasögum því þó að siðferðið spanni ekki allt litróf dygdanna gefur það að minnsta kosti vísbindingu um stöðu siðferðilegra dygða, sem er mikilvægur hluti þeirra dygða sem fjallað er um í mannkostamenntun, eins og fram hefur komið. Þessari umræðu er ætlað að sýna okkur hvernig nálgast má dygðir í bókmenntum, þar sem dæmi eru tekin úr *Laxdælu*, og að siðferði sé mikilvægur þáttur í Íslendingasögum.

Víkjum þá að því hvernig greina má tilvist dygða í *Laxdælu*. Það eru að minnsta kosti tvær leiðir til að lesa dygðir út úr bókmenntatexta eins og *Laxdælu* (sbr. Róbert Jack, 2018a). Annars vegar er stundum beinlínis talað um ákveðnar dygðir eða lesti í sögunni. Hins vegar má hugsa sér að þó að ekki séu orðaðar neinar dygðir eða lestir megi nota ákveðnar athafnir eða aðstæður sem sögupersónur eru í til að velta fyrir sér hvað sé dygdugt að gera og hvað ekki. Þetta kýs ég að kalla dygðaaðstæður. Hér er þá um að ræða aðstæður sem kalla á það að persóna taki afstöðu til þess hvað á að gera. Þessar aðstæður geta verið misjafnlega krefjandi, stundum er togstreitan mikil og stundum minni, en ávallt má velja að vera dygdugur eða ekki. Í bókmenntakennslu þar sem áhersla er á dygðamenntun er lykilatridi að koma auga á þessar dygðaaðstæður í sögunni.

Það að finna dygðaaðstæður er iðulega mikilvægara en að fjalla um þá staði þar sem dygðir eru beinlínis nefndar vegna þess að þar er algengara að einfaldlega sé verið að gefa persónum einkunn, oftast án beins rökstuðnings. Slíkar umsagnir um persónur gefa nemendum því ekki tækifæri til að íhuga dygðina með eins djúpum hætti og dygðaaðstæðurnar. Dæmi um staði í *Laxdælu* þar sem dygðir eru nefndar beint eru þegar Jörunn Bjarnardóttir er sögð vera „skörungur mikill í vitsmunum“ (kaflí 9) og Ólafur pái Höskuldsson er sagður stórmannlegur sem ungbarn (kaflí 13). Þessum lýsingum fylgja engar útskýringar og þær gefa því lítið tilefni til þælinga um það hvað felst í þessum dygðum. Sumir staðir þar sem dygðir eru nefndar í *Laxdælu* gefa þó frekar tilefni til vangaveltna og getur þar verið um dygðaaðstæður að ræða. Varðandi dygðamenntunina skiptir þá í raun ekki svo miklu hvort dygðin er nefnd í sögunni heldur hvort aðstæðum sé þannig lýst að nemendur geti velt því fyrir sér hvort viðbrögð sögupersónunnar einkennist frekar af dygð eða lesti.

Dæmi um dygðaaðstæður í *Laxdælu* er þegar Þuríður Ólafsdóttir vænir eiginmann sinn Geirmund gný um að haga sér ódrengilega þar sem hann ætlar að fara af landi án þess að taka dóttur sína með sér og án þess að skilja eftir fé (kaflí 30). Hér er tækifæri til að ræða hegðun Geirmundar og skoða hvort staðhæfing Þuríðar um ódrengskap eigi við rök að styðjast. Aðrar aðstæður sem nefna má eru hegðun Kjartans Ólafssonar þegar hann þorir að keppa í sundi við óþekktan sundmann sem reynist vera Ólafur Tryggvason, konungur Noregs, og jafnframt þegar Kjartan hefur uppi stór orð um að láta konunginn ekki kúga sig til að taka kristni og segist meira að segja vilja freista þess að brenna hann inni (kaflí 40). Í þessu sambandi nefnir höfundur *Laxdælu* enga sérstaka dygð en hér getum við velt fyrir okkur hvort Kjartan sýni hugrekki eða jafnvel frekar fífldirfsku. Mörg fleiri dæmi af þessum toga eru rædd í grein minni Dygðirnar í *Laxdælu sögu* (Róbert Jack, 2018a). Sú grein er nánari rökstuðningur fyrir tilvist dygðanna í *Laxdælu* sérstaklega en telja má líklegt að fjalla megi um dygðir í öðrum Íslendingasögum með svipuðum hætti.

Nú, þegar leiddar hafa verið að því líkur að ekki sé erfitt að finna aðstæður í Íslendingasögum þar sem dygðir birtast, er rétt að velta fyrir sér inntaki þess siðferðis sem finna má í sögunum. Þar er ef til vill eðlilegast að líta til fræðilegrar umræðu enda hefur nokkuð verið um þetta fjallað. Af því einu að um þetta hafi verið skrifað má ráða að hægt er að verða einhvers vísari um siðferðilegan veruleika sagnanna. Þar á ég við að þó að siðferðileg umræða liggi þar ekki á yfirborðinu gefi textinn ýmsar vísbendingar um þennan siðferðilega veruleika. Leiðandi spurning hér er hvað helst einkenni siðferði Íslendingasagna en angi af þeirri umræðu er hvort gera megi ráð fyrir sjálfstæðri yfirvegun og ákvarðanatöku af hálfu persóna í sögunum.

Segja má að almennt samkomulag hafi ríkt um það að siðferði Íslendingasagna einkennist fyrst og fremst af heiðri og sæmd þannig að persónur sagnanna stefni öðru fremur að því að öðlast virðingu en fordast svívirðingu og skömm (sbr. Torfa H. Tulinius, 2001, bls. 57; Kristján Kristjánsson, 1998, bls. 409; Svavar Hrafn Svavarsson, 2009, bls. 248; van den Toorn, 1955, bls. 140; Frölich, 2000, bls. 51) en hér verður þetta kallað sæmdarsíðferði. Ekki er ætlunin að rökstyðja mikilvægi sæmdarinnar í Íslendingasögum hér (Meulengracht Sørensen, 1995; *Sæmdarmenn*, 2001) en þó má nefnt eitt dæmi úr *Laxdælu*. Eftir að Kjartan hafði lokað fólkið á Laugum inni og komið í veg fyrir að það kæmist á salernið í þrjár nætur kemur fram að Laugamönnum hafi þótt þetta miklu meiri svívirðing en ef Kjartan hefði drepíð fyrir þeim einn eða tvo menn (kaflí 47). Hér má sjá að jafnvel mannlíf skipta minna máli en sæmdin.

Í hinni fræðilegu umræðu má finna tvö ólík sjónarhorn (sbr. Kristján Kristjánsson, 1998, bls. 407) sem lita umræðu um dygðir persóna en fræðilegir höfundar hafa iðulega valið sér annað þeirra frekar en hitt. Annars vegar er um að ræða það sem kalla má sjónarhorn einstaklingsins og hins vegar sjónarhorn samfélagsins. Munurinn á sjónarhornunum í hinni siðferðilegu umræðu hverfist um það hvort lítið er svo á að uppsprettu siðferðilegra athafna sé að finna hjá einstaklingnum eða í samfélaginu. Samkvæmt fyrri sjónarhorninu virðist einstaklingurinn að miklu leyti frjáls til að velja þá leið sem hann fer en samkvæmt hinu síðara geta athafnir hans verið allt að því sjálfkrafa viðbragð við þjóðfélagslegum aðstæðum (sbr. Steblin-Kamenskij, 1981, bls. 84).

Sigurður Nordal (1942, bls. 188–189), sem líta má á sem fulltrúa fyrra viðhorfsins, lýsir sæmdarsiðferðinu þannig að sá hetjuskapur sem í því felst sé eiginleiki hinnar einstöku hetju. Dygðina drengskap telur Sigurður vera sérstakt einkenni slíkrar hetju en hún einkennir traustan og hugrakkan einstakling (bls. 187) sem jafnframt er frjálss og fullvalda (bls. 195). Viðhorf Kristjáns Kristjánssonar (1998, bls. 407–408) til sagnanna er líka af þessari rót en hann kallar þetta „viðhorf leikmannsins“ og telur að svona hafi fólk alla jafna skilið sögurnar.

Í fræðiumræðu síðustu áratuga fer þó mun meira fyrir samfélagssjónarhorninu og ýmsir hafa orðið til að halda því fram (sbr. Torfa H. Tulinius, 2001, bls. 58; Meulengracht Sørensen, 1995, bls. 187). Vilhjálmur Árnason (1985, 1991) er þó sá sem einna helst hefur sett það fram í heimspekilegum búaungi (sjá einnig MacIntyre, 2007, bls. 121–130). Vilhjálmur (1985, bls. 29, 32) orðar það svo að þetta viðhorf til sagnanna leggi áherslu á „samspil siðareglna og samfélagsgerðar“ frekar en að líta svo á að siðferði byggist „á einhverri óljósri sómatilfinningu fáeinna einstaklinga“. Vilhjálmur (1985, bls. 31) leggur áherslu á að samfélagið hafi ekki haft þær stofnanir sem nauðsynlegar eru til að halda uppi lögum og reglu en við slíkar aðstæður er þá helst hægt að treysta á ættartengsl til að fá réttlætinu framgengt. Því má segja að drengskapur í framangreindum skilningi trausts og hugrekkis ættmenna sé afar mikilvægur bakhjarl fyrir hvern einstakling því mikilvægt er að ættmennin séu fær um að standa við skyldu sína til að hefna ef að manni er vegið. Drengskapur er samkvæmt þessu sjónarhorni þá skilgetið afkvæmi samfélagsgerðarinnar frekar en einstaklingsbundinn eiginleiki. MacIntyre (2007, bls. 123) orðar þetta þannig að „siðferði og samfélagsgerð [séu] í raun eitt og hið sama í hetjusamfélagi“.

Það er ekki tilgangurinn með því að ræða þessi tvö sjónarhorn að leysa úr þessu ágreiningsefni um hvar siðferðið eigi upptök sín, í einstaklingnum eða samfélaginu. Þó verður ekki annað séð en að rökin fyrir báðum sjónarhornum séu býsna góð og því virðist sérkennilegt að áherslan hafi frekar verið á að rökstyðja annað og útiloka hitt en að viðurkenna einfaldlega að þau skipti bæði máli. Þess má þó geta að bæði fulltrúar þeirra sem verja samfélagsviðhorfið (Vilhjálmur Árnason, 1991, bls. 167) og þeirra sem leggja áherslu á einstaklingsviðhorfið (Sigurður Nordal, 1942, bls. 188; Kristján Kristjánsson, 1998, bls. 418) hafa viðurkennt að nokkuð sé til í hinu viðhorfinu. Þá hefur Frölich (2000, bls. 85) lagt áherslu á bæði þessi sjónarhorn en umfjöllun hennar snýst reyndar ekki fyrst og fremst um siðferði.

Í þessu samhengi skiptir þessi umræða fyrst og fremst máli fyrir dygðamenntun að því leyti að erfitt er að sjá fyrir sér að einstaklingur, sem ekki getur velt möguleikum fyrir sér og tekið sjálfstæða ákvörðun, geti lært að þroska með sér dygð. Ef öll áhersla er á samfélagssjónarhornið og persónur í Íslendingasögum yfirvega ekki „rétt og rangt, gott og illt, heldur birtist [siðferðileg vitund] óbrotin í viðbrögðum manna við aðstæðum sínum hverju sinni“ (Vilhjálmur Árnason, 1985, bls. 34) er vandséð hvernig hægt er að eigna einstaklingnum siðferðilega umhugsun svo nokkru nemi (sbr. einnig Svavar Hrafn Svavarsson, 2009, bls. 252). Það að fylgja eingöngu samfélagssjónarhorninu skapar líka viss vandkvæði fyrir hugmyndina um dygðaaðstæður því að forsenda þeirrar hugmyndar er að einstaklingar geti valið um að breyta í samræmi við dygð eða löst. Að vísu gætum við sagt að dygðaaðstæður og valfrelsi væru einungis atriði sem við lesum inn í söguna frá okkar nútímalega sjónarhorni en þrátt fyrir það virðist eitthvað ófullnægjandi við að einblína á samfélagsviðhorfið. Hér verða nefnd fjögur atriði.

Hugmyndin um algeran skort á yfirvegum brýtur í fyrsta lagi í bága við viðhorf leikmannsins sem nefnt var áður en það virðist vera hversdagsleg sýn okkar á atburði að persónur geti ávallt breytt með öðrum hætti en þær gera. Þessu tengt má í öðru lagi segja að það skemmi nokkuð upplifun okkar af Íslendingasögum ef við getum ekki gert ráð fyrir því að persónur hafi val. Fullkomlega vélrænt ákvarðanaferli er nefnilega ekki í takt við þá hversdagslegu mannlegu upplifun að á hverju augnabliki lífsins geti ávallt ýmislegt gerst þar sem sérhver einstaklingur hafi ávallt ákveðið valfrelsi í stað þess að einungis eitthvað eitt geti átt sér stað. Í þriðja lagi firrir hugmyndin um sjálfvirkar athafnir út frá samfélagsgerð persónur siðferðilegri ábyrgð á gjörðum sínum en það virðist flestum óviðunandi. Í fjórða lagi verður erfitt að skilja hvernig persónur í

Íslendingasögum í mjög svipaðri stöðu geta tekið mismunandi ákvarðanir. Dæmi um þetta er þegar Unnur djúpuðga kemur til Íslands snemma í *Laxdælu* (kaflí 5) og leitar ásjár hjá bræðrum sínum. Fyrst leitar hún til Helga sem býður henni einungis að vera hjá sér við tíunda mann en með henni komu tuttugu. Þá leitar hún til Björns sem býður henni að vera með allt sitt lið. Hvernig skýrum við þennan mun á örlæti bræðranna í samfélagi þar sem ekkert rými er fyrir siðferðilega umhugsun?

Siðferðisþroski

Áður en vikið verður nánar að spurningunni um siðferðilega yfirvegum vil ég bera saman almennt siðferði í Íslendingasögum og á okkar tímum í dag. Þetta er mikilvægt viðfangsefni fyrir dygdamenntun því að ef siðferðið í sögunum er allt annað en hjá okkur í dag má velta fyrir sér hvort Íslendingasögur séu þá gagnlegar til að mennta nútímanemendur í dygd. Í þessari rannsókn verður vitaskuld engum nákvæmum mælikvörðum viðkomið en um þetta má þó hafa almenn orð. Í fyrsta lagi má einfaldlega nefna nokkur dæmi úr *Laxdælu* þar sem framferði persóna virðist okkur framandi í dag. Fyrst má nefna þegar Höskuldur kaupir ambátt af Gilla hinum gerska (kaflí 12). Það er eftirtektarvert við þessa lýsingu að höfundur virðist á engan hátt láta í það skína að það sé nokkuð óeðlilegt við kaup og sölu á fólki. Hér virðist hreinlega um mjög eðlileg viðskipti að ræða á þessa tíma mælikvarða. Ef við beinum svo sjónum almennt að mannvígum þá eru vissulega ekki allir sáttir við þau í Íslendingasögum en almennt umburðarlyndi gagnvart þeim og þær réttlætningar sem teknar eru gildar á þeim eru með allt öðrum hætti en gerist í dag. Nægir þar að nefna þegar Eldgrímur er drepinn fyrir hrossaþjófnað (kaflí 37) og Kjartan Ólafsson er veginn vegna móðgana hans og yfirgangssemi (kaflí 49). Þó að vissulega séu til einstaklingar á öllum tímum sem eru til alls líklegir virðast dæmi eins og þessi sýna okkur að þau siðferðilegu viðmið sem þóttu eðlileg í Íslendingasögum þyki ekki eðlileg í dag.

Í öðru lagi virðist í fræðilegri umræðu almennt sammæli um að nokkur munur sé á siðferði okkar daga og því siðferði sem var við lýði í veruleika Íslendingasagna og á ritunartíma þeirra (sbr. Vilhjálm Árnason, 1985, bls. 22; Steblin-Kamenskij, 1981, bls. 77). Kristján Kristjánsson (1998) reynir að vísu að verja ákveðin líkindi með siðferði Íslendingasagna og nútímásiðferði en þar virðist hann frekar beina sjónum að þeirri undirliggjandi siðfræði sem ætla má að sé til staðar á hverjum tíma frekar en að velta fyrir sér hinum siðferðilega veruleika eins og hann blasir við og hér er til umræðu.

Við gerum sem sagt ráð fyrir að það siðferði sem við finnum í *Laxdælu* sé ekki það siðferði sem við viljum að nemendur tileinki sér. Í því samhengi er gagnlegt að staðsetja siðferðið í *Laxdælu* betur gagnvart okkar siðferði en það má gera með því að finna því stað í þroskalíkani Gilligan. Með þessu móti getum við betur skilið grunnforsendur sámdarsíðferðisins og hvers vegna persónurnar í *Laxdælu* ættu ekki endilega að vera fyrirmyndir okkar í siðferðilegri breytni í dag. Einnig getur þroskalíkan hjálpað okkur að skilja hvert við eigum þá frekar að stefna, hvert við ættum frekar að beina nemendum en að líta á persónur *Laxdælu* sem fyrirmyndir. Að þessu loknu verður þroskalíkanið notað til að svara spurningunni úr síðasta kafla um siðferðilega umhugsun persóna í Íslendingasögum.

Þegar kemur að því að velja þroskalíkan er nærtækast að nýta sér líkan sem lýsir siðferðisþroska. Þar koma helst til greina þroskalíkön Kohlbergs og Gilligan sem segja má að eigi sér sameiginlegan uppruna. Jubilee-menn hafa reyndar gagnrýnt Kohlberg af ýmsum ástæðum (sbr. Sanderse, 2012) og þá hafa þeir sjálfir gert atlögur að því að setja saman þroskalíkan sem byggt er á kenningu Aristótelesar (sbr. Sanderse, 2012, bls. 102–117, 2015; Arthur o.fl., 2017, bls. 62–67). Um þetta vil ég segja tvennt. Annað er það að hægt er að taka undir ýmislegt af þeirri gagnrýni sem Jubilee-menn setja fram á Kohlberg. Hugmyndin í þessu samhengi er þó fyrst og fremst að nota þroskastigin sem finna má í líkani Gilligan – og eiga sér reyndar samsvörun hjá Kohlberg – en hjá Jubilee-mönnum er ekki að sjá neina gagnrýni á þroskastigin sjálf. Þeir gera að vísu athugasemdir við það hvernig Kohlberg telur að einstaklingur geti færst á milli stiga (Sanderse, 2012, bls.

103–104) en það er ekki gagnrýni á þroskastigin sjálf. Hitt er það að þroskalíkan Jubilee-manna kann að hafa ýmislegt sér til ágætis en það hefur samt sem áður ekki verið staðfest í sams konar rannsóknum og þroskalíkan Kohlbergs og Gilligan.

Við þetta má bæta að Kohlberg taldi að siðferðisþroski snerist um réttlætið en Jubilee-menn hafa einmitt bent á að það dugi ekki því að siðferðisþroski hljóti að snúast um meira en einungis þessa einu dygd (Arthur o.fl., 2017, bls. 59–60). Líkt og Jubilee-menn gagnrýndi Gilligan (1993) Kohlberg einmitt fyrir of þrönga nálgun á siðferðisþroska. Hún taldi nálgun hans vera of karllæga en niðurstöður hennar sýndu að siðferðisþroski kvenna hverfist frekar um umhyggju en réttlæti. Rannsóknir hennar staðfestu samt sem áður að nota má sömu þrjú þroskastigin til að lýsa umhyggjusíðferðinu og Kohlberg notaði til að lýsa hinni karllægu mynd siðferðisþroska. Við þetta má bæta að Kohlberg byggði líkan sitt á þroskalíkani Piaget um vitsmunarþroska (sbr. Gilligan, 1993, bls. 72–74) en þar eru þá sömu þroskastigin notuð til að túlka enn annað innihald. Því verður ekki annað séð en að það stigskipta þroskalíkan sem Gilligan lýsir megi vel nota sem almennt viðmið um siðferðisþroska eins og hér verður gert.

Ken Wilber (2006, bls. 11–12) hefur endursagt þroskalíkan Gilligan (1993, bls. 73–74) með einföldum og skýrum hætti. Þar útskýrir hann hvert þroskastig fyrir sig með því að segja til um það hvaða persónur einstaklingur á viðkomandi þroskastigi taki með í siðferðilega útreikninga sína. Orða má það þannig að hin siðferðilega nálgun byggist á því að spyrja sig hver skipti máli við ákvarðanatöku. Er það bara ég sem skipti máli? Erum það við hérna sem ég geng út frá? Eða hugsa ég um okkur öll hvar sem við búum þegar ég tek ákvarðanir? Fyrsta stigið byggist sem sagt á því að ég hugsa fyrst og síðast um sjálfan mig. Annað stigið gengur út frá okkur í fjölskyldunni, okkur sem búum hér á þessum stað eða einhverjum afmörkuðum hópi sem ég samsama mig með. Þriðja stigið felst svo í því að ég tek allar manneskjur með í reikninginn, hvar sem þær búa og hvernig sem þær líta út. Kannski mætti kenna stigin við einstaklingshyggju, fjölskylduhyggju og mannhyggju. Aukinn þroski felst þá í því að víkka út svið umhyggjunnar, réttlætisins, örlætisins eða hverrar þeirrar dygðar sem kemur við sögu.

Ef við víkjum þá að persónum í *Laxdælu* með þetta líkan að vopni virðast sumar þeirra vera eigingjarnar þannig að þær framkvæmi hluti fyrst og fremst með eigin hag í huga og ómaki sig sjaldan fyrir aðra. Persónur af þessum toga eru Geirmundur gnýr og Þorleikur Höskuldsson. Um þær má segja að þær njóti alla jafna ekki mikillar virðingar í sögunni, hvorki hjá öðrum persónum né er hægt að segja að höfundur *Laxdælu* gefi þeim góða einkunn. Að vísu er sagt að Geirmundur sé ríkur og mikill víkingur og stórlátur en hann er jafnframt sagður ódældarmaður, óþýður og ódrengilegur (kaflar 29 og 30). Þorleiki er heldur ekki alls varnað að upplagi, hann er meðal annars sagður sterkur og myndarlegur, en svo virðist sem skuggahliðarnar yfirgnæfi hinar. Þorleikur er sagður fálátur, óþýður, enginn jafnaðarmaður að skaplyndi enda stendur hann í illdeilum við ættmenn sína (kaflar 9, 20, 26 og 37). Jafnframt eru Geirmundur og Þorleikur jafnframt persónur í sögunni og aðalpersónur hennar virðast með öðru sniði. Því virðist ekki hægt að segja að siðferði *Laxdælu* einkennist fyrst og fremst af einstaklingshyggju.

Miðað við framangreinda lýsingu fræðimanna á siðferði Íslendingasagna snýst það öðru fremur um sæmd. Nota má það þegar Bolli Bollason kemur heim eftir veru í útlöndum (kafla 77) til að varpa ljósi á það kjarnaatriði sæmdarinnar að sjónarhorn annarra skiptir höfuðmáli. Í *Laxdælu* er því lýst hvernig Bolli kemur heim búinn dýrgripum sem höfðingjar höfðu gefið honum. Jafnframt er þess getið að konur hafi dáð Bolla mjög og skart hans, venslamenn hans hafi tekið honum vel og að hann hafi orðið frægur af þessari ferð til útlanda. Forsenda sæmdar Bolla er ef til vill það að hann hefur það sem til þarf til að öðrum lítist vel á hann. Sæmdin verður þó ekki staðreynd fyrir en aðrar manneskjur sýna aðdáun sína á honum. Þó að það að sækjast eftir sæmd kunni að virðast heldur sjálfhverft fyrirbæri hefur sá einstaklingur sem þyrstir í sæmd það fram yfir hinn fullkomlega sjálfhverfa einstakling að skilja sjónarhorn annarra og virða það mikils. Þannig ættum við erfitt með að sjá fyrir okkur í ljósi hátternis þeirra að Geirmundur gnýr og Þorleikur Höskuldsson hafi sérstakan áhuga á því að öðrum lítist vel á þá.

Ef við skoðum nú aftur þroskastig Gilligan má vera ljóst að sæmdarsíðferðið er á hærra stigi en eigingirnir Geirmundar og Þorleiks. Sæmdin tekur greinilega mið af öðrum manneskjum og innifelur þær í hinni síðferðilegu hugsun. Raunar er engin sæmd nema í samfélagi þar sem einn virðir annan. Um leið virðist þessi áhersla á sæmd ekki vera ráðandi síðferðileg hugsun nú til dags. Almennt virðumst við vissulega virða sjónarhorn annarra en síðferði okkar í dag virðist þó vera komið lengra þar sem það tekur fleira fólk með í reikninginn en gert er almennt í Íslendingasögum. Nægir þar að nefna mikilvægi ættarinnar í Íslendingasögum og hvernig persónur taka sér skýra stöðu með þeim hópi sem þær tilheyra. Þetta birtist í virðingarleysi gagnvart þeim sem ekki tilheyra þessum hópi, eins og þegar fram kemur að fórn má mannlífum húsarlar fyrir sæmdina (kafla 47) og að mansal sé viðurkennt (kafla 12). Við hljótum þá að staðsetja sæmdarsíðferðið á öðru þroskastiginu eða stigi fjölskylduhyggunnar.

Hér má þó nefna tvennt sem viðbót við þessa niðurstöðu. Annars vegar er alls ekki útilokað að einhverjar persónur Íslendingasagna séu á þriðja þroskastiginu. Dæmi um þetta gæti verið hvernig Ólafur konungur Tryggvason nálgast síðaskiptin í Noregi (kafla 40). Hann virðist sjá fyrir sér að í stóru samhengi sé kristni betri kostur en heiðni og almennt nálgast hann síðaskiptin frekar af varkárni og með sannfæringu en með heift og valdbeitingu. Þetta breytir þó ekki meginniðurstöðunni um að þungamiðja sæmdarsíðferðisins sé á öðru þroskastiginu. Hins vegar má velja fyrir sér hvernig þessar sögur geta haft svona mikið aðdráttarafl fyrir okkur og við getum sett okkur inn í þær ef þær eru á lægra þroskastigi en samfélag okkar í dag. Um þetta má segja að þegar einstaklingur þroskast á hærra stig kastar hann ekki einfaldlega neðri þroskastigum frá sér heldur eru þau áfram hluti af honum. Þannig getum við til að mynda samsamað okkur ungbörnum og áhugamálum þeirra þó að við séum að mestu leyti vaxinn upp úr þeim heimi. Með sama hætti getur síðferðileg togstreita í Íslendingasögum heillað okkur.

Nú, þegar gerð hefur verið grein fyrir síðferðilegri stöðu sæmdarsíðferðisins gagnvart almennu síðferði á okkar dögum, sjáum við að þarna er nokkur munur. Og við sjáum jafnframt að það getur ekki verið markmið að nemendur beinlínis tileinki sér það síðferði sem finna má í Íslendingasögum. Svo framarlega sem við getum þó nýtt okkur dygðaaðstæður til að hugsa út frá hlýtur samt að mega læra af sögunum. Eins og vikið hefur verið að áður er ekki nauðsynlegt að persónur Íslendingasagna séu færar um að yfirvega hluti síðferðilega til að við getum nýtt okkur sögurnar til yfirvegunar. Við skulum nú samt víkja að því með hjálp þroskalíkans Gilligan að reyna að átta okkur betur á stöðu hugsunar í heimi Íslendingasagna og hvernig hún sker sig frá síðferðilegri hugsun á þriðja þroskastiginu. Þær hugleiðingar ættu jafnframt að gera okkur ljóst hvaða þroska við viljum að nemendur nái.

Fyrst má nefna að þó að flestar lýsingar í Íslendingasögum séu ytri lýsingar á háttalagi eru merki um það í *Laxdælu* að persónur eigi sér innra líf, eins og áður hefur verið nefnt (sbr. Frölich, 2000, bls. 85–156). Til merkis um tilfinningalíf persóna má til dæmis taka það þegar þær roðna í andliti (sbr. kafla 21 og 42) en það þarf svo sem ekki að vera merki um síðferðilega yfirvegum. Einhvers konar slíka yfirvegum er þó að finna í *Laxdælu*. Til að mynda er sagt að eftir fortölur Guðrúnar hafi Bolli miklað fyrir sér fjandskap sinn við Kjartan fóstbróður sinn og eftir að hann vó Kjartan er sagt að hann hafi strax iðrast verksins (kaflar 48 og 49). Þetta verður varla skilið öðruvísi en sem einhvers konar innri togstreita sem hægt væri að túlka sem síðferðilega yfirvegum á einhverju stigi.

Ef við lítum aftur til þroskalíkansins og hugum að þeim möguleikum sem þar eru á síðferðilegri hugsun sjáum við fyrst að fyllilega sjálfhverfur einstaklingur gengur einfaldlega út frá sjálfum sér og þarf því væntanlega lítið að hugleiða málin. Einstaklingur sem lifir í takt við fjölskylduhyggunna hlýtur hins vegar að hafa flóknari valkosti. Persóna sem þroskast hefur af fyrsta þroskastiginu yfir á annað þroskastigið getur þá bæði tengst fyrsta og öðru þroskastiginu. Fyrir þann sem er veikur á svellinu geta því komið upp hugleiðingar um hvort hann eigi að vera eigingjarn eða láta hollustuna við fjölskylduna ráða. Um leið getur einstaklingur átt í togstreitu eins og Bolli hér að framan. Þannig má líta svo á að togstreitan sé á milli mismunandi hópa venslamanna því

hann stendur frammi fyrir því að fara að vilja eiginkonu sinnar Guðrúnar eða halda tryggð við Kjartan, uppeldisbróður sinn og frænda. Vel er hægt að líta á þetta sem siðferðilega klemmu enda er einkenni slíkra klemma gjarnan talið það að þar stangist á mismunandi siðferðileg verðmæti þar sem enginn kosturinn er beinlínis góður.

Að þessu sögðu virðast fæstar persónur *Laxdælu* færar um að hugsa með óhlutbundnum hætti eins og þeir þurfa að gera sem eru á þriðja þroskastiginu. Sá sem er á þessu þroskastigi hefur hæfileika til að gera sér almennar hugmyndir um alla menn og til þess þarf óhlutbundna hugsun sem getur náð vítt og breitt og búið til almennar reglur sem taka til allra dæma (sbr. Gilligan, 1993, bls. 74). Jafnframt má segja að í þessu kristallist stökkið sem við viljum að nemendur taki í umfjöllun sinni um dygðir í Íslendingasögum, frá sérhagsmunum einstakra hópa til umhyggju fyrir hinni margbreytilegu heild. Og miðað við framansagt þarf sá sem er á þeim stað að fást við flóknara siðferðilegt landslag. Hann getur valið að vera eigingjarn, fylgja fjölskylduhyggjunni eða taka alla menn með í reikninginn eins og sá gerir sem til að mynda sér ranglætið í mansali jafnvel þó að sá sem á að selja líti öðruvísi út en hann sjálfur.

Lokaorð

Markmið greinarinnar var að skoða hvernig nota má Íslendingasögur til mannkostamenntunar. Fjallað hefur verið um mikilvægi dygða fyrir mannkostamenntun og jafnframt rætt um samband dygða og siðferðis þar sem mannkostamenntun leggur einkum áherslu á siðferðilegar dygðir. Þá hefur komið fram að hinn siðferðilegi veruleiki í Íslendingasögum einkennist af áherslu á sæmdarsiðferði. Með því að nota stigskipt þroskalíkan Gilligan hefur jafnframt verið reynt að koma auga á muninn á nútímasiðferði og því siðferði sem viðgengst í Íslendingasögum og skilja hvers konar siðferðileg hugsun getur verið markmið í unglingsakennslu. Jafnframt var fjallað um dygðaaðstæður í Íslendingasögum þar sem ræða má um hvort viðbrögð persóna lýsi dygd eða ekki og hvort persónur hefðu átt að haga sér öðruvísi. Að því gefnu að töluvert sé af dygðaaðstæðum í Íslendingasögum, að minnsta kosti ef marka má dæmin í *Laxdælu* (sjá Róbert Jack, 2018a) verður ekki annað séð en að Íslendingasögur geti gagnast vel til dygðaumræðu. Val persónanna í sögunum getur verið okkur fóður til að skilja betur þá þætti sem taka þarf með í reikninginn þegar siðferðileg ákvörðun er tekin.

Virtues, ethics and moral development: Using Icelandic sagas in character education

One possible approach to character education is through literature. The teacher looks for virtues in stories with her students and then these virtues are discussed to improve the students' understanding of virtue concepts and hopefully make them more aware of virtues in their own lives. In preparation for a research project where one of the Icelandic sagas, *Laxdæla saga*, was taught in this way to teenagers, some of the main conditions of the teaching had to be summarized. This article discusses the main themes that come into play here and puts the teaching of Icelandic sagas into the context of character education.

The article discusses the basic assumptions of character education that are important here; the connection between virtues and ethics, the concept of a virtue situation, research on ethics in the Icelandic sagas, whether ethics in the sagas means the same as in modernity, whether the sagas are suitable material for character education, whether the ethical reality found in them is different from ours, and, finally, what kind of moral thinking could be the aim of character education.

The kind of character education used as the foundation for the research project is Aristotelian in nature as interpreted by the members of The Jubilee Centre for Character & Virtues at the University of Birmingham (cf. Kristján Kristjánsson, 2015). The discussion of character education deals with the importance it places on virtue, its emphasis on moral virtue and the general connection of virtues and ethics. It is suggested that this kind of character education may embrace a broader understanding of moral virtue than is commonly accepted. It is, however, argued that this only has a minor, if any, effect on how character education is practised.

The concept of a virtue situation is introduced. This refers to a situation, in which a character in a story finds herself, which is well suited to evaluating the character's virtues. This may be a relatively mundane situation or one which is charged with moral tension. It is argued, furthermore, that such situations are easily found in the Icelandic sagas, which makes it a relatively simple task to discuss virtuous action in the context of the sagas.

The main ideas scholars have had about ethics in the saga literature are introduced. This is important for two reasons. Firstly, virtues are strongly connected to ethical views. Since most of the virtues covered in character education are moral virtues, much can be learnt about a character's opinions of virtues from her ethical stance. Secondly, it would appear that the kind of ethics that dominates the saga world differs from the ethics prevalent in the modern Western world. When discussing why the characters in the sagas behaved in the way they do it helps to have an understanding of the differences in values between them and us.

To throw light on the difference between saga ethics and modern ethics, Gilligan's (1993) model of moral development is used. In this context some criticisms of Kohlberg and Gilligan are discussed and it is explained that neither the content of Gilligan's nor Kohlberg's model is used here, but rather the basic point of view that each stage of development entails. Thus we can gain a rough understanding of how characters in the sagas generally think differently about ethical matters than people today.

The developmental model further helps us answer the question as to whether the sagas are suitable material for character education, given that the ethical reality found in them is different from ours, as well as showing us what kind of moral thinking could be the aim of character education.

Keywords: character education, teaching literature, Icelandic sagas, virtue, moral development, ethics.

Um höfundinn

Róbert Jack (robjack@hi.is) er nýdóktor og aðjunkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann hefur m.a. birt skrif um mannlegan þroska, heimspekilega samræðu og þjónandi forystu.

About the author

Róbert Jack (robjack@hi.is) is a postdoctoral researcher and adjunct lecturer at the School of Education, University of Iceland. He has among other things published on human development, philosophical dialogue, and servant leadership.

Þessi grein er hluti af rannsóknarverkefni sem var unnið með styrk úr Rannsóknarsjóði Íslands (nr. 163230–051) og þakka ég sjóðnum fyrir stuðninginn. Ég þakka einnig Atla Harðarsyni, Ólafi Páli Jónssyni, Þóru Björgu Sigurðardóttur, kennurum og öðrum þeim sem komu að verkefninu fyrir samstarfið og gagnlegar umræður um efnið. Loks vil ég þakka ritrýnum fyrir gagnlegar ábendingar.

Heimildir

- Arthur, J., Kristjánsson, K., Harrison, T., Sanderse, W. og Wright, D. (2017). *Teaching character and virtue in schools*. New York: Routledge.
- Atli Harðarson. (2018). Ógæfa Bolla Þorleikssonar: Hugleiðing um hvernig Laxdæla saga leggur spurningar fyrir lesanda sinn en svarar þeim ekki. *Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2018 – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/02.pdf
- Atli Harðarson, Ólafur Páll Jónsson, Róbert Jack, Þóra Björg Sigurðardóttir og Sigrún Sif Jóelsdóttir. (2018) Laxdæla saga og orðaforði um siðferði. *Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2018 – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/01.pdf
- Frölich, D. (2000). *Ehre und Liebe: Schichten des Erzählens in der Laxdæla saga*. Frankfurt am Main: Peter Lang.
- Gilligan, C. (1993). *In a different voice: Psychological theory and women's development*. London: Harvard University Press.
- Íslensk orðabók. (2003). Reykjavík: Edda.
- Kristján Kristjánsson. (1998). Liberating moral traditions: Saga morality and Aristotle's megalopsychia. *Ethical Theory and Moral Practice*, 1(4), 397–422. doi:10.1023/A:1009990801822
- Kristján Kristjánsson. (2002). *Mannkostir*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kristján Kristjánsson. (2010). *The self and its emotions*. New York: Cambridge University Press.
- Kristján Kristjánsson. (2015). *Aristotelian character education*. London: Routledge.
- Laxdæla saga* (endursögn Gunnars Karlssonar). (2017). Kópavogur: Menntamálastofnun.
- MacIntyre, A. (2007). *After virtue: A study in moral theory* (3. útgáfa). Notre Dame: University of Notre Dame Press.
- McLaughlin, T. H. og Halstead, M. (1999). Education in character and virtue. Í J. M. Halstead og T. H. McLaughlin (ritstjórar), *Education in morality* (bls. 132–163). London: Routledge.
- Meulengracht Sørensen, P. (1995). *Fortælling og ære: Studier i islændingesagaerne*. Oslo: Universitetsforlaget.
- Morris, I. (2015). *Teaching happiness and well-being in schools* (2. útgáfa). London: Bloomsbury.
- Ólafur Páll Jónsson. (2018). Laxdæla sem fóður fyrir gagnrýna hugsun. *Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2018 – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/06.pdf
- Róbert Jack. (2018a). Dygðirnar í Laxdæla sögu: Efniviður fyrir mannkostamenntun. *Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2018 – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/10.pdf
- Róbert Jack. (2018b). *Laxdæla saga: Dygðakennsla*. Sótt af https://klb.mms.is/-/laxdaela/dyga-kennsla-rob-ert-jack/?_k=p1xwwu
- Sanderse, W. (2012). *Character education: A neo-Aristotelian approach to the philosophy, psychology and education of virtue*. Delft: Eburon.
- Sanderse, W. (2015). An Aristotelian model of moral development. *Journal of Philosophy of Education*, 49(3), 382–398. doi:10.1111/1467-9752.12109
- Sigurður Nordal. (1942). *Íslensk menning*. Reykjavík: Mál og menning.

- Stebliń-Kamenskij, M. I. (1981). *Heimur Íslendingasagna* (Helgi Haraldsson þýddi). Reykjavík: Iðunn.
- Svavar Hrafn Svavarsson. (2009). Honour and shame. *Gripla*, 20, 241–256.
- Sæmdarmenn: Um heiður á þjóðveldisöld*. (2001). Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
- The Jubilee Centre for Character & Virtues. (2014). *Knightly virtues: Enhancing virtue literacy through stories*. Sótt af <https://www.jubileecentre.ac.uk/userfiles/jubileecentre/pdf/KVPDF/KnightlyVirtuesReport.pdf>
- The Jubilee Centre for Character & Virtues. (2017). *A framework for character education in schools*. Sótt af <https://uobschool.org.uk/wp-content/uploads/2017/08/Framework-for-Character-Education-2017-Jubilee-Centre.pdf>
- Torfi H. Tulinius. (2001). Virðing í flóknu samfélagi. Í *Sæmdarmenn: Um heiður á þjóðveldisöld* (bls. 57–89). Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Van den Toorn, M. C. (1955). *Ethics and moral in Icelandic saga literature*. Assen: Van Gorcum.
- Vilhjálmur Árnason. (1985). Saga og siðferði: Hugleiðingar um túlkun á siðfræði Íslendingasagna. *Tímarit Máls og menningar*, 46(1), 21–37.
- Vilhjálmur Árnason. (1991). Morality and social structure in the Icelandic sagas. *Journal of English and Germanic Philology*, 90(2), 157–174.
- Wilber, K. (2006). *Integral spirituality: A startling new role for religion in the modern and postmodern world*. Boston: Integral Books.
- Þóra Björg Sigurðardóttir. (2018). Siðfræði í bókmenntakennslu. *Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2018 – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/11.pdf



Róbert Jack. (2018).
Dygdir, siðferði og siðferðisþroski: Að nota Íslendingasögur til mannkostamenntunar.
Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2018 – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar.
Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/09.pdf
<https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.22>